

Fundargerð 148. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2023, fimmtudaginn 21. september kl. 13:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar í Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Álfhildur Leifsdóttir, Helgi Arnarson, Helgi Grímsson, Kristín Jóhannsdóttir og Róslín Alma Valdemarsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Anna Ingadóttir sérfræðingur, Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Svala Kristín Hreinsdóttir sérfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Róslín Alma Valdemarsdóttir sat fundinn í gegnum fjarfundabúnaðinn Teams.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Viðbragðsáætlanir í skóla- og frístundastarfi - 2309025SA**

Stjórnendur í leik- og grunnskólum og frístundastarfi sveitarfélaga vinna ýmsar áætlanir um skóla- og frístundastarf.

Rætt um þær stefnur og áætlanir sem leik- og grunnskólar- og frístundastarf setja sér í samræmi við lög, reglugerðir og opinbera stefnumótun.

2. **Leikskólar Hafnarfjarðarbæjar - breytingar í rekstri. - 2301050SA**

Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur á kjarasviði kynnti sjónarmið kjarasviðs m.t.t. kjarasamninga í ljósi breytinga á vinnufyrirkomulagi í leikskólum Hafnarfjarðar.

Breytt vinnufyrirkomulag hefur vakið fjölmargar spurningar sem snúa ekki síst að því hvort fyrirkomulagið feli í sér umtalsverð frávik frá kjarasamningum sem sambandið hefur gert við starfsstéttir sem starfa í leikskólum.

Óskað hefur verið eftir kynningu frá Hafnarfjarðarbæ um reynslu þeirra af breyttu vinnufyrirkomulagi sveitarfélagsins. Fyrirhugað er að sú kynning verði á næsta fundi fræðslumálanefndar sambandsins.

3. **Málþing um skólamál 2023 - 2307014SA**

Skólalæping sambandsins 2021 (sem haldið var í febrúar 2022) fjallaði um yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga fyrir þá um 25 árum. Ráðherrar þriggja ráðuneyta auk sambandsins undirrituðu sameiginlega yfirlýsingu um úttekt á yfirfærslunni af því tilefni. Úttektin var þrjúþætt. Stefnt er að því að niðurstöður hennar verði kynntar á málþingi 30. október nk.

Drög að dagskrá lögð fram til kynningar.

4. **Samráðsfundir með mennta- og barnamálaráðherra 2019-2024 - 2009340SA**

Fundargerð samráðsfundar sambandsins með mennta- og barnamálaráðherra.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fundi var slitið kl. 15:00

Álfhildur Leifsdóttir

Helgi Arnarson

Helgi Grímsson

Kristín Jóhannesdóttir

Róslín Alma Valdemarsdóttir